



Fundargerð

34. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 18. desember 2024, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 292. fundar skipulagsnefndar UTU - 2412009

Lögð fram fundargerð 292. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 215. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Sauðholt 2 lóð L220917, Sauðholt 2B L231134; Sameining lóða; Deiliskipulag - 2411032.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til lóða Sauðholts 2 lóð L220917 og Sauðholts 2B L231134. Í gildi er deiliskipulag sem tekur til lands L220917. Við gildistöku tillögunnar fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Í breytingunni felst sameining þessara tveggja lóða í eina auk skilgreiningar á byggingarreitum og byggingarheimildum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 2; Ás 3 III-1 land L204646; Bygging tjaldhýsa; Deiliskipulag - 2405108.

Lögð er fram, eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar, tillaga deiliskipulags sem tekur til lands Vesturáss og Áss 3 land III-1. Innan svæðisins eru skilgreindar byggingarheimildir sem taka til uppbyggingar á íbúðarhúsi, hesthúsi og reiðskemmu auk kúlutjalda sem ætluð eru til útleigu. Gerðar hafa verið breytingar á aðkomu að landinu frá auglýstri tillögu. Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við gildistöku deiliskipulagsins eftir auglýsingu þess og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum og uppfærðum gögnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Hreppsnefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 43; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-215 - 2411002F.

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 24/215.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HJA', 'KAT', 'les', and 'IT'.

2. Fundargerð 293. fundar skipulagsnefndar UTU - 2412025

Lögð fram fundargerð 293. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 216. afgangslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 30; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 24-216 - 2411005F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgangslufundar byggingarfulltrúa nr. 24-216.

3. Fjallskiladeild Holtamannafréttar - 8 - 2412001F

Fundargerð 8. fundar fjallskiladeildar Holtamannafréttar lögð fram til staðfestingar.

3.1 2412012 - Kostnaður vegna fjallskila og tillaga um álagningu fjallskila 2024

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða tillögu.

3.2 2412006 - Minnisblað um mótvægisáðgerðir vegna Sporðöldulóns 2024

Lagt fram til kynningar.

4. Fundargerð kjörstjórnar Ásahrepps, dags. 30. nóvember 2024 - 2412010

Lögð fram fundargerð kjörstjórnar, dags. 30. nóvember 2024.

Til kynningar.

5. Fundargerð 32. fundar stjórnar Odda bs. - 2412016

Lögð fram fundargerð 32. fundar stjórnar Odda bs.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti gjaldskrá og fjárhagsáætlun Odda bs. 2025, sbr. bókun sveitarstjórnar á 32. fundi sínum.

Fundargerð að öðru leyti til kynningar.

6. Fundargerð 87. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu FSRV - 2412020

Lögð fram fundargerð 87. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu (FSRV).

Einnig lögð fram samþykkt gjaldskrá heimaþjónustunnar 2025 sem hreppsnefnd staðfestir fyrir sitt leyti.

Til kynningar.

7. Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs 2024 - 2412001

Lögð fram fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands 2024, sem haldinn var 1. nóvember 2024.

Til kynningar.

8. Fundargerð 329. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2412008

Lögð fram fundargerð 329. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

9. Fundargerð 240. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2412015

Lögð fram fundargerð 240. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HBA", "KAP", "MS", and "TI".

10. Fundargerð aðalfundar SASS 2024 - 2412002

Lögð fram fundargerð aðalfundar SASS 2024, sem haldinn var dagana 31. október - 1. nóvember 2024. Einnig lagðar fram ályktanir ársþings SASS.

Til kynningar.

11. Fundargerð 955. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2412003

Lögð fram fundargerð 955. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

12. Fundargerð 956. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2412004

Lögð fram fundargerð 956. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

13. Fundargerð 957. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2412005

Lögð fram fundargerð 957. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

14. Fundargerð 958. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2412007

Lögð fram fundargerð 958. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

15. Fundargerð 959. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2412023

Lögð fram fundargerð 959. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

16. Fundaráætlun hreppsnefndar Ásahrepps 2025 - 2412011

Lögð fram fundaráætlun hreppsnefndar Ásahrepps fyrir árið 2025.

Lögð fram fundaráætlun hreppsnefndar Ásahrepps fyrir árið 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagða fundaráætlun og felur sveitarstjóra að birta hana á heimasíðu Ásahrepps.

17. Húsnæðisáætlun Ásahrepps 2025 - 2412028

Lögð fram drög að húsnæðisáætlun Ásahrepps 2025, sem sveitarstjóri hefur unnið með HMS.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi húsnæðisáætlun fyrir árið 2025, og felur sveitarstjóra að tilkynna afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps til HMS.

18. Hjólreiðaviðburður 21. júní 2025 - 2412013

Lagt fram bréf Reiðhjólábænda, dags. 3. desember 2024, þar sem óskað er leyfis frá hreppsnefnd Ásahrepps í tengslum við hjólreiðaviðburðinn Chase The Sun Iceland sem ráðgert er að fari fram laugardaginn 21. júní 2024.

Gert er ráð fyrir að hjólaleið um Ásahrepp verði að morgni frá Þjórsárbrú, norður um Heiðarveg að Hagabraut. Meðfylgjandi erindinu er kort af fyrirhugaðri leiðásamt lista yfir vegi og vegkafla sem nýttir verða. Viðburðurinn hefur hlotið jákvæða umsögn

HBT
KHF
M.W.
HI
EJ

Vegagerðarinnar.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við fyrirhugaða hjólaleið og samþykkir samhljóða það fyrir sitt leyti að hjólaleiðin liggi þessa leið í gegnum Ásahrepp.

19. Minnisblað vegna úttektar Verkís á útivistarstíg um Faxatröð - 2412014

Lagt fram minnisblað Verkís, dags. 2. desember 2024, vegna úttektar á útivistarstíg um Faxatröð.

Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar fyrir úttektina og gerir ekki athugasemdir. Kristín Hreinsdóttir situr hjá við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

20. Beiðni HSK um fjárframlag vegna ársins 2025 - 2412018

Lagt fram bréf Héraðssambandsins Skarphéðins, dags. 4. desember 2024, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til reksturs sambandsins árið 2025. Óskað er eftir framlagi að upphæð kr. 290 á hvern íbúa hreppsins. Jafnfaramt er lögð fram ársskýrsla HSK 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðið rekstrarframlag, enda er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árið 2025.

21. Verksamningar vegna snjómoksturs á héraðs- og tengivegum - 2412019

Lögð fram drög að verksamningum vegna snjómoksturs á héraðs- og tengivegum 2024 - 2027.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti þetta fyrirkomulag og verksamninga.

Hreppsnefnd Ásahrepps lýsir yfir áhyggjum sínum vegna skorts á hálkuvörnum í vetur á héraðs- og tengivegum innan sveitarfélagsins. Óskað er eftir skriflegum skýringum frá Vegagerðinni vegna þeirrar ákvörðunar að draga úr hálkuvörnum.

22. Endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2023-2043 - 2412021

Skaftárhreppur hefur óskað eftir umsögn Ásahrepps um endurskoðað aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043. Umsagnartími er frá 6. desember 2024 - 13. janúar 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur engar athugasemdir við framlagt og kynnt endurskoðað aðalskipulag Skaftárhrepps.

23. Ábyrgðaraðili Ásahrepps vegna verkefnisins Bjartur lífstíll - 2412022

Lagt fram tölvuskeyti frá Björtum lífstíll, sem er samstarfsverkefni ÍSÍ og Landssambands eldri borgara. Eitt af megin markmiðum verkefnisins er að efla upplýingaveitu af íþrótt- og tómstundastarfi fyrir eldra fólk.

Hlutverk ábyrgðaraðila sveitarfélags er að safna saman öllu íþrótt- og tómstundastarfi sem er í boði og birta upplýsingar inn á vefsíðu sveitarfélagsins. Vefsíða sveitarfélaga er síðan notuð og tengd við nýjan vettvang inn á Island.is sem að sýnir framboð á öllu landinu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að sveitarstjóri verði ábyrgðaraðili Ásahrepps.

24. Beiðni um fjárstyrk til Sigurhæða árið 2025 - 2412027

Lagt fram bréf Sigurhæða, dags. 10. desember 2024, þar sem sótt er um styrk að fjárhæð kr. 154.071 frá Ásahreppi til reksturs verkefnisins árið 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að verða við styrkbeiðninni fyrir árið 2025.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HBT", "KTH", "JF", and "TI".

25. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps, frá 1. janúar - 30. nóvember 2024.

Til kynningar.

26. Minnisblað um mótvægisáðgerðir vegna Sporðöldulóns 2024 - 2412006

Lagt fram minnisblað um áðgerðir vegna Sporðöldulóns 2024.

Til kynningar.

27. Kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum við Sigölduvirkjun - 2412026

Lögð fram kynning frá Landsvirkjunar, dags. 11. desember 2024, þars sem kynntar eru fyrirhugaðar framkvæmdir við Sigöldustöð.

Til kynningar.

28. Framlag ríkisins 2024 vegna barna með fjölþættan vanda - 2412017

Lagt fram tölvuskeyti mennta- og barnamálaráðherra, dags. 4. desember 2024 ásamt umburðarbréfi, þar sem kynnt er áformuð framlög úr ríkissjóði vegna hluta kostnaðar sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir sem vistuð hafa verið utan heimilis árið 2024.

Til kynningar.

29. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 22. janúar 2025 á skrifstofu Ásahrepps. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 10:15.




Ísleifur Jónasson



Nanna Jónsdóttir



Þráinn Ingólfsson



Helga Björg Helgadóttir



Kristín Hreinsdóttir



Valtýr Valtýsson